Alþingi
Erindi nr. Þ 137/510
komudagur 30.6.2007

**From:** Skúli Guðmundsson [mailto:Skuli.Gudmundsson@thjodskra.is]
**Sent:** 30. júní 2009 17:57
**To:** Elín Valdís Þorsteinsdóttir
**Subject:** Frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur,125. mál og 117. mál.

Sæl.
Vísa til samtals rétt í þessu.
Við 2. gr. frumvarpsins þarf að bæta nýrri málsgrein samhljóða **2. mgr. 1. gr.** laga um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945, með áorðnum breytingum: **„Mörk kjördæma skulu vera hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum"**.
Ef þessi málsgrein verður ekki tekin upp í frumvarpið verður **þriggja vikna markið** á kjörskrám fyrir kjördag of knappur tími til þess að skipta Reykjavík í tvö kjördæmi við hverja þjóðaratkvæðagreiðslu. Þess vegna var framangreind málgrein tekin upp í forsetalögin árið **2004** svo aldrei þyrfti, við þess háttar kosningar, að skipta Reykjavík sérstaklega að nýju í tvö kjördæmi.
Í hvert sinn sem skipta þarf Reykjavík í tvö kjördæmi fer mikill tími, vinna margra og kostnaður sem sparast ef málsgreinin verður tekin upp í frumvarpið (verði það að lögum).
Kveðja, Skúli.